



Heimili og skóli  
Landssamtök foreldra



# ÞÚ ERT ÞAÐ SEM ÞÚ GERIR Á NETINU



## SAFT MÁLÞING Í APRÍL 2008

- @ Netið, jákvætt eða neikvætt?
- @ Eigum við að trúa öllu því sem við sjáum og lesum á Netinu?
- @ Snúast farsímar bara um að "tengja fólk"?
- @ Högum við okkur á annan hátt í netheimum en raunheimum?

SAFT, vakningarverkefni um jákvæða og örugga netnotkun barna og unglunga á Netinu og tengdum miðlum, stendur fyrir opnum málþingum á 10 stöðum á landsbyggðinni undir yfirskriftinni "Þú ert það sem þú gerir á Netinu".

Markmið málþingsins er að draga annars vegar fram sýn nemenda og hins vegar foreldra og kennara á helstu kostum og göllum Netsins. Hvar dregur hópana saman og hvar skilur að? Einnig verður áhersla lögð á að fá fram framtíðarsýn hópanna varðandi örugga og ánægjulega notkun og þróun Netsins. Þátttakendur vinna fyrst í tveimur málstofum en málþinginu lýkur með sameiginlegri málstofu nemenda, foreldra og kennara þar sem gerð verður grein fyrir niðurstöðum.

Málþingið er öllum opið og þátttökugjald er ekkert. Nemendur á aldrinum 11-16 ára eru sérstaklega boðnir velkomnir ásamt foreldrum sínum og kennurum.

### Fundarstaðir

Borgarnes  
Stykkishólmur  
Ísafjörður  
Sauðárkrókur  
Akureyri  
Egilsstaðir  
Höfn í Hornafirði  
Selfoss  
Reykjavík

